

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 12. tbl. 9. árg. 17. september 2015

Myndir augnabliksins eru frá Síðuskóla og sýna fyrsta söngsal skólaársins.



Frá öngli í maga.

Húni II siglir alls 15 ferðir í haust með nemendum 6. bekkjar í grunnskólum Akureyrarbæjar. Þetta er samvinnuverkefni skóladeildar og Háskólans á Akureyri. Verkefni þetta samanstendur af fræðslu um lífríki sjávar, hollustu fiskmetis, fiskveiðum og að lokum er borðaður fiskur sem nemendur hafa veitt. Hér má sjá skemmtilegar myndir frá Brekku- og Glerárskóla.



Frá sérdeild Giljaskóla.

Sérdeild Giljaskóla fékk á dögnum góða gesti í heimsókn sem komu færandi hendi. Um var að ræða aðstandendur verkefnisins „Hlaupið heim“ sem fór fram í sumar og fjölskyldu Kristjáns Loga Kárasonar nemanda í sérdeild Giljaskóla. Félagarnir Óskar Jakobson og Gísli Einar Árnason hlupu frá Reykjavík yfir hálendið til Akureyrar. Megintilgangurinn með hlaupinu var að styrkja hjálpartækjasjóð Kristjáns Loga og vekja athygli á stöðu langveikra barna og foreldra þeirra. Einstaklingar og fyrirtæki hétu á hlauparana og söfnunarféð rann í hjálpartækjasjóð Kristjáns Loga, til sérdeildar Giljaskóla og til barnadeildar Sjúkrahússins á Akureyri. Færðu þeir og fjölskylda Kristjáns Loga sérdeildinni hálfá miljón króna til kaupa á kennslugögnum og búnaði fyrir deildina.



Afmæli Kiðagils.

Haldið var upp á 20.ára afmæli leikskólans Kiðagils 14. september. Kiðagil var með fyrstu húsunum sem risu hér í hverfinu og vegna gluggana var það kallað Windows af gárungunum. Fyrstu árin var Giljaskóli starfræktur í helmingi hússins og leikskólinn í hinum helmingnum. Kiðagil hefur þróast í gegnum árin og leggur nú mikla áherslu á læsi og stærðfræði í gegnum leik. Einnig er unnið eftir SMT agastefnu og er skólinn Grænfána leikskóli. Skólaárið 2015-2016 eru alls 106 nemendur við skólann og 25 stafsmenn. Vegna afmælis var opið hús og skreyttu nemendur sig í framan í tilefni dagsins eins og sjá má á myndunum sem teknar eru af heimasíðu Kiðagils: <http://kida.is/>



Skóla-akur er vefþingarmarkaður sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hríssey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Fréttir frá Tónlistarskólanum.

Svæðisþing tónlistarskólakennara verður föstudaginn 18. september. Engin kennsla verður þennan dag. Svæðisþingið er vettvangur fyrir tónlistarkennara á Norðurlandi til samskipta og starfsþróunar.

Vikan 21.- 25. september er foreldravika og gefst kennurum þá tækifæri til þess að ganga frá helstu markmiðum ársins í samráði við nemendur sína. Í þeim samningi skal taka fram hvers konar námsmat, þ.e. árspróf, tónleikapróf, bókaþróf eða áfangapróf er áætlað að framkvæma um veturna. Mikilvægt er að nemendur upplifi sig sem þátttakendur í samningsgerðinni og markmið samninganna er að fá staðfestingu frá nemandanum um frumkvæði.

Göngum í skólann.

Göngum í skólann verkefnið hófst í níunda sinn 9. september sl. og lýkur því formlega með alþjóðlega Göngum í skólann deginum miðvikudaginn 7. október. Vegna birtu og veðurastæðna fer Göngum í skólann verkefnið fram hér á Íslandi í septembermánuði. Markmið verkefnisins er að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Ávinningurinn er ekki aðeins bundinn við andlega og líkamlega vellíðan heldur er þetta einnig umhverfisvæn og hagkvæm leið til að komast milli staða. Á síðasta ári tóku milljónir barna í yfir 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í Göngum í skólann. Hér á landi hefur þátttökan vaxið jafnt og þétt en fyrsta árið voru þátttökuskólarnir 26 en 66 skólar skráðu sig til leiks árið 2014. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur hlotið styrk frá Evrópuráðinu í gegnum Erasmus+ styrkjakerfi þeirra til verkefna sem munu tengjast European Week of Sport eða Íþróttaviku Evrópu sem haldin verður 7. – 13. september nk. í yfir 30 Evrópulöndum.

Sjá nánar: www.ec.europa.eu/sport/week.

Þeir aðilar sem að verkefninu standa hérlendis eru Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið, embætti Landlæknis, Ríkislögreglustjóri, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Umferðarstofa og Landssamtökin Heimili og skóli. Hægt er að fylgjast með og sjá þá skóla sem taka þátt á heimasíðu verkefnisins: <http://www.gongumiskolann.is/?PageId=de014b98-47e2-11e5-9405-005056bc530c>



Nýlegt efni frá Námsgagnastofnun.

Draugaljósíð - Auðlesin sögubók.

Auðlesin sögubók fyrir mið- og unglingastig grunnskóla. Dularfullt ljós birtist í hálfbyggðu húsi í nágrenni Hallfríðar. Hún fær besta vin sinn til að koma með sér og rannsaka málið. Hvað leynist í dimmum kjallaranum?

Höfundur: Hildur Knútsdóttir.

Eðlisfræði 2.

Eðlisfræði 2 er í flokki kennslubóka í náttúrufræði sem kallast *Litróf Náttúrunnar*. Efnið er ætlað efstu bekkjum grunnskóla. Bókin skiptist í fjóra meginkafla sem hver um sig skiptast í nokkra undirkafla. Þeir eru *Kraftur og hreyfing*, *Þrýstingur*, *Rafmagn og segulmagn* og loks *Orka og afl*. Hver meginkafli skiptist í nokkra undirkafla. Í upphafi hvers kafla er stuttur inngangur, ásamt markmiðum kaflans og yfirliti. Ítarefni af ýmsum toga er í sérstökum rammaklausum. Í lok hvers undirkafla eru sjálfspróf.

Höfundur: Lennart Undvall og Anders Karlsson.

Þýðing: Hálfðan Ómar Hálfðanarson.

Líge í lommen - Vefur.

Vefurinn *Líge í lommen* er ætlaður nemendum í 7. til 10. bekk. Hann skiptist upp í sex þemu; bevægelse, velfærd, kommunikation, fremtidsdrömme, mystik og Danmark. Áhersla er á hlustun, tal og samvinnu. Fjölbreytt verkefni eru á vefnum en töluverð áhersla er á notkun snjallsíma við laus þeirra. Mörg verkefna ganga út á að nýta verkfæri á netinu sem eru án endurgjalds. Í hverju þema eru verkefni sem nefnast Ekstra og geta nemendur unnið þau frekar sjálfstætt. Veffang: http://www1.nams.is/lige_i_lommen/#.

Höfundar: Heimir Eyvindarson og Sigríður Sigurðardóttir.

Sjá nánar á: <http://www.nams.is/forsida/>

Greinar í Netlu:

Virðingarsess leikskólabarna: Þekking á barnaefni, kynjun og lagskipting í tveimur leikskólum.

Í greininni segir frá rannsókn sem varpar ljósi á hvernig mismunandi þekking leikskólabarna á barnaefni getur tengst kyni, uppruna og félagslegri stöðu þeirra í leikskóla. Spurt var: Þekking á hvers konar barnaefni er líklegust til að skapa fjögurra til fimm ára börnum virðingarsess í leikskóla? Niðurstöður sýna hvernig þekking á barnaefni birtist í leikjum og hvernig hún var staðfest, hún hundsúð eða henni hafnað af jafningjahópnum.

Höfundur: Þórdís Þórðardóttir.

Heimspékin sýnir okkur heiminn: Minning um Pál Skúlason (1945–2015).

Í greininni ræðir Ólafur Páll Jónsson heimspeki Páls Skúlasonar og segir frá því hvernig greinin *Menntun og stjórnmál* frá árinu 1987 varð kveikja að skrifum hans sjálfs um heimspeki menntunar. Páll Skúlason heimspekingur fjallaði um flest svið heimspennar og segja má að ásamt nokkrum öðrum heimspekingum hafi hann lagt grunn að íslenskri heimspekihefð.

Höfundur: Ólafur Páll Jónsson.

Nánar á: <http://netla.hi.is/>